

1870.

30. júlí.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuruindæminu, um þóknun handa manni, sem hefir verið lengi sáttasemjari og hreppstjóri.

Í bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt beina leið og vör sendum yður eptirrit af með þessu bréfi, hefir fyrrum hreppstjóri í Grytubakkahrepp í Þingeyjarsýslu, Gunnar Loftsson á Grund, sókt um, að fá styrk annaðhvort úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, eða þá af einhverjum öðrum ópinberum sjóði, sem þóknun fyrir það, að hann hafi verið sáttasemjari í 24 ár og enn lengur hreppstjóri í nefndum hreppi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að engin lagaheimild er til þess, að veita slíkan styrk úr jafnaðarsjóðnum, og að öðru leyti hefir stjórnarráðið ekki umráð yfir neinum öðrum sjóði, er veita mætti úr slíkan styrk.

5. ágúst.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um að lögleiða á Íslandi auglýsing um aðferð á ófriðartímum.

Það er ástæða til, að lögleiða á Íslandi auglýsing utanríkisstjórnarinnar 25. f. m., viðvíkjandi því, að tilskipun 4. maí 1803 um það, hvernig verzlunarmenn og farmenn eigi að haga sér, þegar ófriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi, þer stjórnarráðið það upp við utanríkisstjórnina, einkum af því, að lög 13. marz 1867, sem getið er um í 1. gr. auglýsingarinnar, eru ekki gild á Íslandi, en tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní f. á. kemur þar í staðinn fyrir, og af því að lög 23. janúar 1862, sem eru nefnd í 2. grein auglýsingarinnar, gilda ekki heldur á Íslandi, en aptur eru lög 13. septbr. 1855 lögleidd þar með opnu bréfi 27. maí 1859¹, — hvort

¹) Tilðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 264.

henni finnist ekki nauðsyn á, að láta ganga út sérstaka auglýsingu handa Íslandi, bæði á dönsku og íslenzku, með þeim breytingum, sem leiðir af því, sem nú var talið, og er dómsmálastjórnin fús til, ef þörf er á, að láta í tæ aðstoð sína, þegar til kemur að snúa auglýsingunni á íslenzku.

1870.

5. ágúst.

77. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.

8. ágúst.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í bréfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsettu 8. janúarm. þ. á., hefir hans hátign þóknast 27. f. m. allramildilegast að fallast á, að jörðin Ásgautstaðir, með þrem kúgildum og hjáleigu, verði keypt til að vera prestssetur í Stokkseyrar sóknum, en látið í staðinn Villingaholt, ásamt með kirkjunni þar og sjóði (*portio*) hennar í því ástandi, sem nú er, og með þeim skilmála, að eigandi að Villingaholti eptirleiðis gjaldi prestinum í Gaulverjabæ fjóra fjórðunga smjors á ári, en hann fái aptur ámóti, sem ábæti, ríkisskuldabréf uppá 136 rd. 85 sk., sem Stokkseyrar prestakall á.

Þetta gefst yður hérmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, og eruð þér jafnframt beðnir að sjá um, að skoðunargjörð verði haldin yfir Ásgautstaði með byggingum og öllum hlunnindum, þegar jarðaskiptin fara fram, svo jörðunni verði skilað þeim presti, sem á síðan kemur á brauðið, í góðu standi, eða þá með fullu ófanálagi.

1) Samkvæmt þessu kom út auglýsing frá utanríkisstjórninni 19. ágústm. 1870, sjá hér á eptir bls. 95.